



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**CLINTON HEIMSPINGIÐ**  
**SAMRÆÐUHELGI CHARLIE ROSE**  
**ÍSLAND OG BÚTAN**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú sækja í dag mánudaginn 28. september og á morgun þriðjudaginn 29. september Heimsping Clintons, fyrrum forseta Bandaríkjanna, *Clinton Global Initiative*, og tóku þátt í opnunarfundi þess í New York í gær. Í lok síðustu viku tóku forsetahjónin einnig þátt í alþjóðlegu málþingi sem einn helsti þáttastjórnandi í bandarísku sjónvarpi Charlie Rose efndi til í Aspen, *Weekend with Charlie Rose*.

Bæði Heimsping Clintons og Samræðuhelgi Charlie Rose eru sótt af forystufólki á vettvangi alþjóðamála, sérfræðingum, vísindamönnum, frumkvöðlum og stjórnendum alþjóðastofnana og fyrirtækja sem og fulltrúum almennasamtaka og umhverfishreyfinga.

Á dagskrá fundanna eru ýmis brýn viðfangefni á sviði alþjóðamála, m.a. baráttan gegn loftslagsbreytingum, nýting hreinnar orku, þróun lýðræðis, alþjóðlegrar samvinnu og viðskipta, viðleitni til að draga úr átökum og stríðsógn, sem og uppgötvanir í vísindum og tækni sem geta á næstu árum orðið mannkyni til heilla.

Forseti mun einnig á morgun, þriðjudaginn 29. september, eiga fund með forsætisráðherra Bútans Tshering Tobgay um samvinnu landanna í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, m.a. í framhaldi af þingi um þróun jökla og vatnsbúskapar á Himalajasvæðinu, Himalaya-Third Pole Circle, sem forseti átti frumkvæði að og haldinn var í boði stjórnvalda og konungsins í Bútan fyrr á þessu ári. Ríki á Himalajasvæðinu hafa vaxandi áhuga á að nýta sér reynsluna sem samvinna á Norðurslóðum hefur skapað á undanförunum áratugum.

28. september 2015

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Arni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).